



1521. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
11.1.2012, kl. 11:15.

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1520. fundar

Samþykkt með fyrirvara um leiðréttingu á lið 3.

2. Reykjavík International Games

Kjartan Ásmundsson greindi frá stöðu mála. Undirbúningur hefur gengið vel og um 400 erlendir gestir væntanlegir, þar af um 300 keppendur. Þrjár nýjar greinar þ.e. ólympískar lyftingar, skvass og þríþraut. Athugasemd gerð við að keppni í einni grein (fimleikum) fari fram í öðru sveitarfélagi án samráðs við stjórn ÍBR. Í framtíðinni verði þess gætt að bera viðeigandi ákvarðanir undir stjórn ÍBR.

3. Samningur við Reykjavíkurborg

Umræður um stöðuna á samningagerð ÍTR og ÍBR, fyrir hönd þeirra aðildarfélaga sem um ræðir, vegna ársins 2012. Fulltrúar ÍBR hafa fundað með forsvarsmönnum Reykjavíkurborgar. Beðið eftir tillögum frá borginni, ættu að berast á næstu tveimur dögum.

4. Styrkir til afreksíþróttafólks

Umræða um að byggja upp afrekssjóð í samstarfi við borgina og e.t.v. fyrirtæki. Tillaga um að setja 6 milljónir í sjóðinn þetta ár, helming frá borg og helming frá ÍBR, umbuna þeim liðum sem urðu Íslands- eða bikarmeistarar 2011 og nýta afganginn til að styrkja undirbúning einstaklinga fyrir ólympíuleikana. Umræður um hvort einnig eigi að umbuna fyrir sama árangur í liðakeppni í einstaklingsgreinum.

5. Þing sérsambanda

Þing Kraftlyftingasambandsins er framundan og ÍBR á einn fulltrúa.

6. Lífshlaupið

Lögð fram kynningargögn um Lífshlaup ÍSÍ.

7. Fundaplan

Lögð fram áætlun fyrir fundi fram til vors.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 12:55

Gígja Gunnarsdóttir og Frímann Ari Ferdinandsson
fundarritarar